

**ORKUSTOFNUN
JARÐHITAEILD**

**FRAMVINDUSKÝRSLA
UM BORHOLUR MG-36 TIL MG-39
Í MOSFELLSSVEIT**

**EFTIR
JENS TÓMASSON**

OS JHD 7838

JÚLÍ 1978



ORKUSTOFNUN
JARÐHITAEILD

**FRAMVINDUSKÝRSLA
UM BORHOLUR MG-36 TIL MG-39
Í MOSFELLSSVEIT**

**EFTIR
JENS TÓMASSON**

OS JHD 7838

JÚLÍ 1978

EFNISYFIRLIT

HOLA MG-36

	Bls.
Borun	4
Jarðlög	4
Tafla 1 þunnsneiðalisti	9
Vatnsæðar og hiti	9
Tafla 2 vatnsæðar	10
Drýstiprófun	11
Tafla 3 þrýstiprófun	12
Jarðlagasnið F. 15562	14
Hitamæling F. 16033	17
Loftdæling F. 16145	18
Drýstiprófun F. 16361	19

HOLA MG-37

Borun	20
Jarðlög	20
Tafla 4 þunnsneiðalisti	28
Vatnsæðar og hiti	30
Tafla 5 vatnsæðar	30
Drýstiprófun	31
Tafla 6 þrýstiprófun	34
Jarðlagasnið F. 15560	36
Hitamæling F. 16034	39
Loftdæling F. 16344	40
Drýstiprófun F. 15708	41
Bakrennsli F. 16328	43

HOLA MG-38

	Bls.
Borun	44
Jarólög	44
Tafla 7 þunnsneiðalisti	50
Vatnsæðar og hiti	51
Tafla 8 vatnsæðar	51
Þrýstiprófun	52
Tafla 9 þrýstiprófun	55
Jarólagasnið F. 15804	57
Hitamæling F. 16035	60
Loftdæling F. 16126	61
Þrýstiprófun F. 16342	62

HOLA MG-39

Borun	63
Jarólög	63
Tafla 10 þunnsneiðalisti	72
Vatnsæðar og hiti	73
Tafla 11 vatnsæðar	73
Þrýstiprófun	74
Tafla 12 þrýstiprófun	76
Jarólagasnið F. 16125	80
Hitamæling F. 16036	83
Loftdæling F. 16164	84
Þrýstiprófun F. 16343	85

HOLA MG-36

BORUN

Borun hófst 8. jan. 1977 og þann 16. jan. var búið að fódra holuna með 340 mm víðu fódurröri niður í 253 m dýpi. Síðan var holan boruð áfram með 311 mm krónu niður í 1621 m dýpi. Þann 5.2.'77 var holan 1895 m djúp og var þá borun hætt. Holan var þrýstiprófuð 6. - 10. 2'77.

JARÐLÖG

0-26 m dýpi. Vantar svarf. Höggborshola.

26-96 m dýpi. Mismyndbreytt móberg, sumt af glerinu alveg ferskt. Blandað með frauðkenndum basaltmólum. Holur í basaltinu eru fylltar ljósgrænum leir. Talsvert má sjá af ópal, sem sums staðar er genginn yfir í kalsedon. Talsvert er af kalsíti. Svarf vantar á 84-94 m dýpi.

96-112 m dýpi. Nær ferskt þóleít basalt. Vantar svarf á 102-106 m dýpi

112-114 m dýpi. Myndbreytt móberg.

114-130 m dýpi. Vantar svarf.

130-172 m dýpi. Mismyndbreytt móberg svipað og í 26-96 m. Heldur meira er þó af fersku gleri, en botninn er mjög myndbreyttur. Vottur af pýriti.

172-176 m. Ferskt finkornótt þóleít, sprungufyllt, trúlega þunnur gangur.

176-184 m dýpi. Myndbreytt, meðalgróft basalt, brotkorn af mesólít/skólesít sjást.

184-194 m dýpi. Rautt millilag blandað myndbreyttu basalti.

194-302 m dýpi. Myndbreytt móberg. Myndbreytingar míneralar, leir, kalsít, ópál og pýrít.

302-326 m dýpi. Myndbreytt grófkristallað basalt e.t.v. ólivínþóleít.

326-342 m dýpi. Mjög myndbreytt þóleítbasalt. Eða jafnvel basalt-rikt set.

Þunnsneið nr 6984, dýpi 332 m. Aðallega tvenns konar brotkorn, þóleítbasalt fremur ferskt og setbrotkorn, en í sumum setbrotkornunum sjást samskonar dreifikorn af þóleítbasalti og eru í basaltbrotkornunum, svo að hugsanlegt er að þetta sé allt frá sama setinu, en völlumar mismunandi stórar. Nokkuð er af holufyllingum einkum kalsíti og zeólítum.

342-392 m dýpi. Mjög myndbreytt túff. Útfellingar mest kalsít og pýrít, einnig er mikið af leir.

396-416 m dýpi. Myndbreytt, meðalgróft basalt, trúlega 2-3 lög.

416-496 m dýpi. Myndbreytt oxuð basaltlög með þunnum millilögum. Myndbreyting minnkar er neðar dregur í þessi lög, sem virðast vera bæði þóleít og ólivínþóleít basalt.

Þunnsneið nr 6985, dýpi 420 m. Myndbreytt ólivínþóleít basalt, en tvenns konar grófleiki. Það grófara er nokkuð líkt dóleríti. Það sjást þó brotkorn þar sem grófkristallað basalt er inni í fínkristallaða basaltinu, sem einskonar hnyðlingar. Þetta er sennilega hvort tveggja frá sama basaltlaginu, ólivínþóleíti eða dóleríti. Talsvert er af málm í berginu. Þetta er því á mörkum ólivínþóleíts og þóleíts. Svólítið er af kalsíti og zeólítum sem holufyllingar. Nokkuð af pyroxeninu er farið yfir í illít.

Þunnsneið nr 6986, dýpi 438 m. Mest mjög myndbreytt þóleítbasalt með miklum málm, magnetíti, sem er ekki einkennandi fyrir þóleít basalt, málmkornin eru ekki vel könnuð og eru oft svólítið tannlaga, ilmenít. Nokkur brotkorn sem gætu verið úr ólivínþóleíti eða dóleríti. Holufyllingar mest kalsít og kvars.

496-518 m dýpi. Ferskt dólerít.

Þunnsneið nr 6987, dýpi 508 m. Dólerítbrotkorn, fremur lítið myndbreytt.

522-576 m dýpi. Mjög myndbreytt, fínkristallað þóleítbasalt.

576-584 m dýpi. Rautt, oxað, myndbreytt gjall með þunnu basalti á milli. Neðstu tveir m eru grænir og leirfylltir, sem gæti þýtt vatnsrennsli í botni gjallagsins.

584-588 m dýpi. Vantar svarf.

588-592 m dýpi. Lítið eitt myndbreytt, meðalgróft basalt.

592-615 m dýpi. Mjög myndbreytt túff, grænleitt, mikið leirfyllt. Mjög myndbreyttum basaltmolum fjölgar neðarlega í þessu lagi. Kalsít og pýrít eru helstu myndbreytingarmíneralarnir. Í 610 m er þunnt, grófkristallað basaltlag.

615-840 m dýpi. Mismyndbreytt þóleítbasaltlög, með mjög myndbreyttum túffkenndum millilögum, en engum stórum millilögum. Helstu myndbreytingarmíneralar eru kalsít, kvars og pýrít auk leirs. Myndbreyting basaltlaganna er mun meiri í neðri hluta þessa lagastafila. Frekar grófkristölluð, fersk dólerít innskot eru í bilunum: 630-640 m, efra borð myndbreytt, 654-656, 668-670 m, 770-782 m, talsvert myndbreytt, 814-818 m, 838-840 m. Lagmót: 630, 666, 692, 698, 720, 724, 730, 752, 792, 810.

Þunnsneið nr 6988, dýpi 628 m. Myndbreytt móbergsbreksía með miklu af holufyllingum, kalsíti, kvarsi og leir.

840-904 m dýpi. Mjög ummyndað móberg, grænleitt. Inn í þessa myndun hefur troðist dólerít-innskot á 852-860 m dýpi og lítið eitt myndbreytt á 894-896 m dýpi.

Þunnsneið nr 6989, dýpi 856 m. Fremur grófkristallað basalt með ófitískan textúr og ekki mjög mikið af málm og misjafnlega myndbreytt, sennilega er þetta ólivínþóleít eða á mörkum ólivínþóleíts og dóleríts, gæti verið gangur.

904-916 m dýpi. Ummyndað basalt.

916-938 m dýpi. Svarf blandað af grófkristölluðu basalti, eða dóleríti og frekar fínkornóttu, lítið eitt ummynduðu basalti.

938-944 m dýpi. Ferskt dólerítinnskot.

Dunnsneið nr 6990, dýpi 944 m. Ferskt, gróft dólerít.

944-996 m dýpi. Myndbreytt basaltlög, öll frekar fínkornótt, 978 m e. t. v. dólerítlag.

Dunnsneið nr 6991, dýpi 994 m. Mjög fínkristallað myndbreytt basalt eða ísúrt, gæti verið plagióklasnálar með straumlaga strúktúr. Mikið af málm, oft ílangar stengur, sennilega sekúndar. Einnig er málmur sem gæti verið magnetít, þá er einnig grófkristallað þóleít basalt. Talsvert er af holufyllingum, einkum kvars og kalsít.

996-1000 m dýpi. Ferskt dólerít, með kalsít í sprungum.

1000-1136 m dýpi Mjög myndbreytt móbergsbreksía eða basaltbreksía, lagskipt. Langmestur hluti hennar er túffkenndur, en mjög myndbreytt basaltbrotkorn blandast túffinu hér og þar. Inn í þessa myndun skjótast svo innskotslög (dólerít), sem virðast koma inn á mismunandi tíma, þar sem sum eru nær fersk, einkum neðst, meðan önnur eru allmyndbreytt. Myndbreytingarmínaralir eru helstir kalsít, pyrít og leirmínaralir, ópall og laumontít. Epidót sést á einum stað í 1054 m.

1136-1150 m dýpi. Efst mjög myndbreytt basaltlag en neðar fersklegt þóleítbasalt.

1150-1172 m dýpi. Myndbreytt móbergsbreksía, fleyguð af fersklegu dólerít lagi.

1172-1190 m dýpi. Eitthvað myndbreytt þóleítbasaltlög, á 1176-1180 m dýpi er myndbreytt millilag.

1190-1208 m dýpi. Efst er myndbreytt og neðst er túffkennd millilagsbreksía en á milli er fersklegt þóleítbasalt og dólerít.

1208-1212 m dýpi. Myndbreytt póleítbasaltlag.

1212-1215 m dýpi. Vantar svarf.

1215-1258 m dýpi. Myndbreytt móbergsbreksía, slatti af myndbreyttum basaltbrotkornum, en á 1236-1242 m dýpi er dreif af dóleríti.

Þunnsneið nr 6992, dýpi 1226 m. Holufyllt, myndbreytt móbergsbreksía, mikið af myndbreytingarmínurölum, stórum ferhyrmdum pýrítkristöllum, kalsíti og kvarsí og allt gler er farið yfir í leir.

1258-1266 m dýpi. Myndbreytt póleítbasalt, svarf blandað.

1266-1288 m dýpi. Móbergsbreksía gegnumstungin af myndbreyttu póleítbasalti. Neðan við basaltlagið er móbergsbreksían meira myndbreytt.

1288-1296 m dýpi. Meðalgróft, frekar fersklegt póleítbasaltlag.

1296-1308 m dýpi. Móbergsbreksía.

1308-1324 m dýpi. Myndbreytt dólerít.

1324-1366 m dýpi. Móbergsbreksía, mjög myndbreytt. Kalsít, kvars, pýrít, klórít, laumonít, ópall og epídót eru helstu myndbreytingarmínuralar. Þunn myndbreytt dólerítlög eru í 1340 m, 1360 m og 1366 m.

1366-1442 m dýpi. Mjög myndbreytt póleítbasaltlög með slatta af útfellingum og myndbreyttu túffi ásamt dreifðum dólerítmolum. Útfellingar eru laumontít, kalsít, kvars og pýrít. Myndbreytt dólerítlög gætu verið í 1394-1307 m og 1410 m dýpi.

1436-1446 m dýpi. Endurkristallað millilag, sömu útfellingarmínuralar og ofar.

1446-1574 m dýpi. Mjög myndbreytt póleítbasaltlög með endurkristölluðu gleri og millilögum. Dólerítlag í 1562 m.

Þunnsneið nr 6993, dýpi 1570 m. Blanda af tvönnu konar brotkornum fínkornóttu póleítbasalti, ekki mjög myndbreyttu og mjög myndbreyttu

basalti sem er með ófítískan textúr, frekar grófkristallað, gæti verið olívínþóleít basalt eða olívínþóleít basaltgangur. Einnig er smávegis af túffbrotkornum og holufyllingum einkum kvarsi, kalsíti og epidóti.

1574-1606 m dýpi. Frekar ferskleg þóleítbasaltlög, gætu verið gangar að hluta.

1606-1816 m dýpi. Mjög myndbreytt basalt, með nær engum millilögum, trúlega er þetta olívínþóleítbasalt, sökum grófleika. Myndbreytingarmínralar eru helstir epidót, kalsít og pýrít auk laumontíts og kvars.

1816-1895 m dýpi. Svarf vantar.

Tafla 1.

Dýpi m	Punnarneiðanúmer
332	6984
420	6985
438	6986
508	6987
828	6988
856	6989
944	6990
994	6991
1236	6992
1570	6993

Vatnsæðar og hiti.

Hitamælingar eru skráðar á mynd F 16033. Ekki var mjög mikið um skoltap meðan á borun stóð nema í 1837 m dýpi. Illa gekk að teppa þetta tap. Í töflu 1 er yfirlit yfir skoltöpin í holunni og í hvað bergi vatnsæðarnar koma fyrir.

Dýpi m	l/s	Berggerð	Vatnsæð kemur fram á hitamælingu.
350	0	Móbergsbreksía	Kælipunktur
430	0	Millilag BH	"
470	1	"	"
540	0	Móberg/basalt	Kælipunktur
600	0	Móberg	Mismunamælir
x 665	0	Basalt/móberg	"
725	14	Millilag SV	"
782	0	Þóleítbasalt	"
798	1	Basalt	Ekkert
952	10	Millilag SV	Ekkert
1052	1	Móberg	Ekkert
1266	1	Millilag SV	Mismunamælir
1407	1	Basalt/dólerít	Ekkert
1517	1	Basalt	Ekkert
x 1622	6	Basalt	Ekkert
1779	2	Millilag	Ekkert
1837	> 40	Millilag	Kælipunktur
Samtals	78		

x Krónuskipti

Skoltap í lok borunar 40 l/s

BH kemur fram í borhraða

SV kemur fram í svarfi

Basalt/dólerít er á mörkum basalts og dóleríts.

Eins og sést á þessum lista er langstærsta vatnsæðin í 1837 m og var algert tap í holunni niður í botn í 1895 m, þó reynt væri að þétta hana með miklu af sagi. Eftir þrýstiprófuninni að dæma hljóta að vera allstórar æðar fyrir ofan 700 m og einnig á milli 750-1100 m dýpis.

Hitamælingar frá 11.13. '77, sjá mynd F 16033, gefa besta mynd af berghitanum. Efra borð jarðhitakerfisins er á 350 m dýpi og er hitinn þar um 80°C en í 400 m dýpi er hitinn 89°C. Hámarks hitinn er um 91,6°C í 570 m dýpi en fer síðan lakkandi og er botnhitinn 85°C.

Þrýstiprófun

Dagana 6. til 10.02 var holan þrýstiprófuð. Á mynd F 16145 er yfirlit yfir loftdælinguna. Í töflu og á mynd F 16361 er yfirlit yfir dælingar í holuna.

Loftdæling byrjaði 06.02. kl. 10⁴⁵ og lauk 23⁰⁰ sama dag. Á mynd F 16145 er yfirlit yfir hita, dælingartíma, dælingarhlé o.fl. Eins og sést á myndinni var vatnið mjög fljótt að hitna upp í 77°C, en hámarkshitinn varð 82.5°C. Allmikið er um kælipunkta en þeir þýða að ný vatnsæð kemur inn. Dælingarhléin styttust frá 38 í 17 s.



Dælingar í holuna sjá mynd F 16361. Þann 07.02 kl. 11⁴⁶ var pakkað í 1140 m dýpi. Frá 11⁵⁸ var dælt samfelld undir pakkara til kl. 19²⁵ í sjö og hálf klst. Dælt var um 59 l/s og þrýstingur mældist svólítið breytilegur á borballinum en undir pakkaranum virðist þrýstingur hafa farið vaxandi með tíma og var milli 3.5-5 kg/cm², sem sýnir að holan er mjög vel opin. Byrjað var að dæla ofaná pakkarann kl. 23⁴⁸ 86 l/s, en enginn þrýstingur mældist í holunni. Í ljós kom að loft var á dælunum og eftir að því hafði verið tappað af eftir aðra dælingu var dælt í eina klst, kom þá upp þrýstingur, sem fór smám saman upp í 5 kg/cm². Síðan var dælt með hléum og fór þrýstingur hækkandi til kl. 6²⁰ en þá var hann orðinn 12 kg/cm², en eftir það lækkaði þrýstingurinn niður í 7 kg/cm² og hélst hann þar til hætt var að dæla kl. 7⁴⁰. Samtals var dælt í 4⁵³ klst., 1373 tonnum. Eftir þetta var afpakkað. Sjá nánar töflu 2 og mynd F 16361. Síðan var pakkað kl. 0⁴⁰ þann 09.02 í 746 m dýpi. Dælt var niður fyrir pakkarann, dælingarmagnið var til að byrja með 55 l/s en síðan aukið upp í 67-69 l/s. Þrýstingurinn hækkaði við aukna dælingu og fór upp í 74 kg/cm² við næstu dælingu. Í þessari þökkun týndist mælirinn fyrir neðan pakkarann svo ekki var hægt að mæla þrýstinginn undir pakkaranum. Eftir fyrri þökkun að dæma var ekki von á miklum þrýstingi. Dælt var niður fyrir pakkarann til kl. 4⁰⁰ en kl. 4¹⁵ var byrjað að dæla ofan á pakkarann og dælt til kl. 16²⁰. Dælt var fyrst um 63 l/s, þá var þrýstingurinn aðeins 1.5 kg/cm². Eftir að byrjað var að dæla yfir 80 l/s fór þrýstingurinn smá hækkandi upp í 10 kg/cm², og dælingarnar urðu lengri. Samtímis því að dælingarafköstin voru aukin jókst dælingartíminn, sem varð einnig til að auka þrýstinginn. Farið var að dæla undir pakkarann aftur kl. 16³⁰ og var dælt til kl. 19⁴⁵. Dælt var 60-74 l/s og var þrýstingur um 80 kg/cm² við mestu dælingu. Í þetta bil var dælt í 3¹⁵ klst. og 740 tonnum. Samtals var dælt í holuna 7200 tonnum á 30 klst. og 22 mín.

Tafla 3 Hóla nr. MG-36 Þrýstiprófun dagana 7-9 feb. 1977 Þakkari í dýpi m. 1140 764

Dælt í bil m-n	Dæling nr.	Dæling frá kl - kl	Dæling tími	Dælt l/s	Mældur þrýst. á borpalli kg/cm ²	Útreikn. þrýst. kg/cm ²	Bakþrýst. eftir 2 mín kg/cm ²	Magn í tonnum
1140-1898	1	1158-1925	727	59	88-89-84-86-84	3.5-5		1588
253-1140	2	2348-0035	047	83	0			231
"	3	125- 150	025	86	0			67
"	4	200- 300	100	73	2-5			261
"	5	310- 330	020	73	5			87
"	6	350- 415	025	75	5			113
"	7	427- 450	023	75	5			104
"	8	500- 522	022	76	8			101
"	9	530- 554	024	76	8			110
"	10	605- 628	023	76	12			105
"	11	637- 655	018	79	7			85
"	12	705- 722	017	78	7			80
"	13	734- 740	006	79	7			29
Samtals			453					1373
764-1898	14	0053- 255	202	55	44-56			403
"	14	255- 330	035	67	67-74			126
"	15	345- 400	015	69	70-74			62
Samtals			342					591
253- 764	16	415- 435	020	38	0			45
"	16	435- 505	030	63	1-5-1			113
"	17	520- 600	040	62	1.5			150
"	18	625- 710	045	62	1.5			160
"	19	730- 855	125	83	2-4-7.5			423
"	19	855-1620	725	84	8.5-9.5-10			2020
Samtals			1105					2911

Tafla 3 Hóla nr. MG-36 Prýstiprófun dagana 7-9 feb. 1977 Pakkari í dýpi m. 764 1140

Delt í bil m-n	Dæling nr.	Dæling frá kl -kl	Dæling tími	Delt l/s	Mældur prýst. á borpalli kg/cm ²	Útreikn ² prýst. kg/cm ²	Bakprýst. eftir 2 mín kg/cm ²	Magn í tonnum
764-1898	20	16 ³⁰ -17 ⁴⁵	1 ¹⁵	60	58-61			273
"	20	17 ⁴⁵ -18 ³⁰	0 ⁴⁵	65	67			175
"	20	18 ³⁰ -19 ⁴⁵	1 ¹⁵	74	74-80			292
Samtals			3 ¹⁵					740
Alls í hóluna			30 ²²					7203



Álag og krónugerð
 Föðring 340mm

7-20loann
 445mm
 OWV-J

3 lmm
 J-33
 15-17loann



ORKUSTOFNUN

JARÐLAGASNIÐ

MG-36

77.05.04 GOF/SL I. 561
Bl. 2 af 3



Mosf. br. F 15562



ORKUSTOFNUN


JARÐLAGASNIÐ
MG-36


77.05.04 60F/S/L T. 561
Bl. 3. af 3. Mest hr. F. 15562





Hitamælingar í borholum





Dælt með lofti úr
 borholu MG-36


ORKUSTOFNUN

Dælt með lofti úr borholu MG-36

77-10-10 JT./SYJ T.582
 Mosfellshr. F 16145

ORKUSTOFNUN

brýstiprófun MG-36
 brýstingur og dælingarfraköst
 T. 588 Mosfellsbr.
 77.12.01 JT/AA F 16361



HOLA MG-37.

Borun.

Byrjað var að flytja að holunni þann 12.02.1977, 15.02. var byrjað að bora skáholu og þann 21.02. var búið að fódra holuna niður í 254 m dýpi með 350 mm víðu fódurröri. Síðan var borað áfram með 311 mm krónu niður í 1592 m dýpi. Þann 23.03. varð holan tæplega 2000 m djúp og var þá borun hætt. Holan var þrýstiprófuð 21.-26.03.

Jarðlög.

0-26 m dýpi. Höggborshola, vantar svarf.

26-36 m dýpi. Fremur ferskt þóleítbasalt.

36-50 m dýpi. Þóleítbasalt gegnumstungið af þunnum dólerítgangi.

50-88 m dýpi. Mjög myndbreytt móbergsbreksía, glerkennd, gæti einnig verið móbergssæt, þetta er gegnumstungið af dólerítgöngum og einu basaltlagi, sem gæti verið ólivínþóleít basaltlag eða dólerítgangur. Þunn sneið nr 6872, dýpi 52 m. Blönduð brotkorn af móbergsbreksíu, þar sem glerið er farið yfir í smektít og fremur fersku þóleítbasalti. Talsvert mikið af holufyllingum, kalsíti og zeólítum.

88-144 m dýpi. Frauðkennt ólivínþóleítbasalt, mjög blöðrótt með þykkum túffkenndum millilögum. Mikið af holufyllingum sem virðast vera bæði epidót og preníti.

Þunn sneið nr 6873, dýpi 96 m. Þrenns konar brotkorn, ferskt þóleítbasalt, mjög myndbreytt ólivínþóleítbasalt og brotkorn, sem eru frá breksíu, talsvert er af holufyllingum, kalsíti og zeólítum.

Þunn sneið nr 6874, dýpi 130 m. Myndbreytt og holufyllt móbergsbreksía, holufyllingar mest kalsít og zeólítar, en einnig finnst vottur af epidóti og preníti. Einstaka brotkorn úr myndbreyttu ólivínþóleíti.

144-254 m dýpi. Glerrík myndbreytt móbergsbreksía, nokkuð setkennt á köflum, talsvert um oxun.

Punnsneið nr 6875, dýpi 158 m. Mestmegnis móbergsbreksía, holufyllt, nokkur basaltbrotkorn með ófítiskan textúr, virðist vera á mörkum þóleíts og ólivínþóleíts basalts allt myndbreytt. Talsvert mikið af zeólítum.

Punnsneið nr 6876, dýpi 176 m. Túffkennd móbergsbreksía, mjög myndbreytt.

Punnsneið nr 6877, dýpi 222 m. Túffkennd móbergsbreksía.

Punnsneið nr 6878, dýpi 258 m. Mjög myndbreytt og túffkennd móbergsbreksía þar sem leirmineral og kalsít eru komin í staðinn fyrir glerið.

254-266 m dýpi. Vantar svarf.

265-276 m dýpi. Ólivínþóleítbasalt, myndbreytt.

276-331 m dýpi. Fremur fínkristallað, ferkt þóleítbasalt með túffkenndum millilögum.

Punnsneið nr 6879, dýpi 296 m. Fínkristallað, fremur ferskt þóleítbasalt með litlu af holufyllingum.

331-356 m dýpi. Mjög myndbreytt móbergsbreksía gegnumstungin af einu þunnu dólerít innskoti.

Punnsneið nr 6880, dýpi 336 m. Myndbreytt og holufyllt, glerrík móbergsbreksía, mest er af kalsíti sem holufyllingarmínral.

365-398 m dýpi. Grófkristallað ólivínþóleítbasalt eða jafnvel myndbreytt dólerít.

Punnsneið nr 6881, dýpi 396 m. Myndbreytt ólivínþóleítbasalt.

398-410 m dýpi. Móbergsbreksía basaltrík eða jafnvel mjög myndbreytt ólivínþóleít.

410-447 m dýpi. Myndbreytt ólivínþóleítbasalt.

Punnsneið nr 6882, dýpi 424 m. Virðist vera á mörkum ólivínþóleíts og þóleítbasalts. Ófítiskur textúr, talsvert er af málmi, líklega ilmenít, talsverð myndbreyting.

Punnsneið nr 6883, dýpi 440 m. Myndbreytt ólivínþóleítbasalt með kvars og kalsít holufyllingum.

447-547 m dýpi. Misjafnlega myndbreytt og grófkristallað dólerít. Þunnsneið nr 6834, dýpi 460 m. Myndbreytt dólerít, mörg brotkorn eru mjög myndbreytt en plagióklas listarnir eru breiðir og er kalsít komið í staðinn fyrir plagióklasinn að nokkru leyti, ferkst ólivín finnst, svo líklega er þetta dólerít.

Þunnsneið nr 6885, dýpi 486 m. Nokkuð örugglega dólerít, sumt mjög myndbreytt en flest eru brotkornin af pyroxen og plagióklasi. Plagióklasinn er svolítið myndbreyttur og eru tvíburamyndanir eyðilagðar, sennilega albitfisering.

Þunnsneið nr 6886, dýpi 522 m. Myndbreytt dólerít, mest brotkorn af pyroxen og plagióklas. Plagióklasinn er svolítið myndbreyttur og tvíburamyndun eyðilögð.

547-586 m dýpi. Mest myndbreytt ólivínþóleítbasalt með nokkrum millilögum, einnig er nokkuð af fersku þóleítbasalti. Ekki er hægt að staðsetja einstök lög. Holufyllingar af epidóti finnst.

Þunnsneið nr 6887, dýpi 543 m. Gæti verið plagióklasdílótt ólivínþóleít en sennilega er þetta dólerítinnskot og þá ólivínþóleít dólerít.

Þunnsneið nr 6888, dýpi 550 m. Blönduð brotkorn af dóleríti og myndbreyttu ólivínþóleíti.

586-700 m dýpi. Mjög myndbreytt og glerrík móbergsbreksía sumsstaðar aðeins setkennd að sjá, gegnumstungin af nokkrum dólerítgöngum.

Þunnsneið nr 6889, dýpi 630 m. Myndbreytt og holufyllt móbergsbreksía, mest kvars og kalsít.

700-708 m dýpi. Myndbreytt þóleítbasalt.

708-745 m dýpi. Myndbreytt glerrík móbergsbreksía.

Þunnsneið nr 6991, dýpi 726 m. Mjög myndbreytt og holufyllt móbergsbreksía, holufyllingarnar eru mest kalsít.

Þunnsneið nr 6990, dýpi 740 m. Mjög myndbreytt og holufyllt móbergsbreksía, kalsít, kvars, zeólítar og leir. Einnig finnst nokkur brotkorn með mjög þéttum nálum af málm og plagióklaslistum en ekkert sést af pyroxeni.

745-818 m dýpi. Misjafnlega myndbreytt og misjafnlega grófkristölluð þóleítbasaltlög með túffkenndum millilögum.

Punnsneið nr 6892, dýpi 800 m. Tvenns konar brotkorn, grófkristölluð basaltbrotkorn, sennilega frá dóleríti og fremur gróf þóleítbasaltbrotkorn með svolitlu af holufyllingum.

Punnsneið nr 6893, dýpi 808 m. Mest mjög fínkristallað þóleítbasalt með miklum málm, einnig nokkuð af grófara þóleítbasalti. Nokkur myndbreyting, holufyllingar kvars og zeólítar, mest kvars. Einstaka fenókristallar af plagióklasi, sem eru að myndbreytast yfir í kalsít, finnast í fínkristallaða þóleítinu.

818-882 m dýpi. Allmyndbreytt dólerít, sérstaklega neðst og efst.

Punnsneið nr 6894, dýpi 842 m. Aðallega tvenns konar brotkorn.

Brotkorn sem eru nokkuð örugglega dólerít það er mjög grófkristallað með ófitískan textúr og þykkum plagióklaslistum. Einnig eru brotkorn af fremur grófkristölluðu þóleíti eða jafnvel á mörkum ólivínþóleíts, ólivín sést þó ekki. Allt er þetta frekar ferskt með nokkrum holufyllingum af kvarsi og zeólítum. Gangaberg?

882-902 m dýpi. Þóleítbasalt, myndbreytt efst.

Punnsneið nr 6895, dýpi 892 m. Myndbreytt, fínkristallað þóleítbasalt mjög myndbreytt ólivínþóleít og nokkur ferskari brotkorn af grófkristölluðu basalti.

902-920 m dýpi. Svólítið myndbreytt dólerítlag.

920-1040 m dýpi. Hér skiptast á ólivínþóleít basaltlög mjög myndbreytt og þóleítbasaltlög með nokkrum túffkenndum millilögum og er þetta gegnumstungið af nokkrum dólerítgögnum. Talsvert af epidóti, einkum í millilögnum og við gangana. Mjög blandað svarf og því erfitt að skilja í sundur þóleítbasaltlögin og ólivínþóleítið.

Punnsneið nr 6896, dýpi 942 m. Mest fremur grófkristölluð basaltbrotkorn með ofitískan textúr. Talsvert mikið er af málm svo þetta er sennilega á mörkum ólivínþóleíts og þóleíts. Talsvert er af þóleítbrotkornum, sem eru allmjög myndbreytt.

Punnsneið nr 6897, dýpi 958 m. Virðist vera mjög myndbreytt og holufyllt móbergsbreksía eða set, mest er af kvarsi, epidóti og kalsíti.

Punnsneið nr 6888, dýpi 992 m. Aðallega tvönn konar brotkorn, annars vegar brotkorn sem virðast vera úr svolítið myndbreyttu og fínkristölluðu þóleítbasalti og hins vegar brotkorn af holufyllingar-mínerölum kvarsí og kalsítí.

Punnsneið nr 6899, dýpi 1020 m. Mjög myndbreytt ólivínþóleít eða að minnsta kosti basalt með ófítískan textúr. Oft er kalsít komið í staðinn fyrir allan grunnmassann. Hugsanlega gæti þetta einnig verið myndbreytt dólerít. Mikið af leirmínerölum er einnig komið í staðinn fyrir pyroxenín.

1040-1085 m dýpi. Mjög myndbreytt móbergshreksía gegnumstungin af dólerítgöngum.

Punnsneið nr 6900, dýpi 1070 m. Mjög myndbreytt móbergshreksía, kvars virðist að verulegu leyti komið í staðinn fyrir upprunanlega glerið, talsvert af kalsítí.

1085-1205 m dýpi. Mest myndbreytt ólivínþóleít basaltlög með nokkrum túffkennðum millilögum. Dreif af þóleítbasaltkornum sem ekki er gott að staðsetja í einstök lög. Einnig er vottur af dólerítí í þessu. Og sumt af þessu gæti jafnvel verið mjög myndbreytt dólerít.

Punnsneið nr 6901, dýpi 1160 m. Mjög myndbreytt basalt sennilega ólivínþóleít, einnig finnast fínkristölluð basaltbrotkorn. Sum staðar er bæði fínkristallað og grófkristallað basalt í sama brotkorni. Mun meira er af grófkristölluðu basalti, en fínkristölluðu. Mjög mikil myndbreyting, mikið er af kvarsí, epidóti og kalsítí. Kalsítí er komið í staðinn fyrir pyroxen í grunnmassanum og á stöku stað, sérstaklega í því grófkristallaða, í staðinn fyrir plagióklas.

Punnsneið nr 6902, dýpi 1164 m. Virðist vera mjög myndbreytt basalt og gæti einnig hafa verið millilag eða setlag. Brotkorn af frekar grófkristölluðu myndbreyttu basalti, þar sem grunnmassinn er að mestu leyti horfinn. Mikið er af brotkornum, sem eru bara myndbreytingar-míneralar, mest leir og kvars.

Punnsneið nr 6903, dýpi 1198 m. Grófkristallað mjög myndbreytt basalt og þó eru stöku brotkorn af fersku ólivínþóleítí, sem virðist þó hafa svipaðan textúr og myndbreytta basaltíð, hugsanlegt að þetta gæti verið mjög myndbreytt ólivínþóleít dólerítgangur. Pyroxeníð er yfirleitt myndbreytt yfir í kalsít og klórít - illít, hátt tvíbrott.

Kalsít hefur að nokkru komið í stað plagíóklass. Mikið er af holu-
fyllingarmínarölum sem brotkorn, mest kvars og kalsít.

1205-1228 m dýpi. Tvö þóleítbasaltlög það efra er ferskara.

1228-1260 m dýpi. Grófkristallað ólivínþóleít eða líklega mynd-
breytt dólerít.

1260-1294 m dýpi. Móbergubreksía gegnumskorin af tveimur myndbreyttum
basaltlögum.

Þunnsneið nr 6904, dýpi 1240 m. Mest mjög myndbreytt ólivínþóleít-
basalt en þó finnast stöku brotkorn þar sem nokkuð er eftir af ólivíni.
Túffkennd brotkorn eða mjög fínkristallað basalt með mjög einkennandi
sekúnderan málm, langar nálar, sennilega pyrít. Einnig finnast stöku
brotkorn með flóðtextúr.

Þunnsneið nr 6905, dýpi 1292 m. Sennilega fremur fínkristallað
ólivínþóleítbasalt, mest með ófítískan textúr og mjög mikið mynd-
breytt. Ekki er mikið af málm, nokkur brotkorn eru mjög fínkristölluð
með litlu af málm og með flóðtextúr, sennilega ísúrt basalt. Basaltið
er að mestu leyti myndbreytt yfir í klórít.

1294-1382 m dýpi. Myndbreytt þóleítbasaltlög með nokkrum túffkenndum
millilögum, gegnumstungin af þunnum dólerítgöngum eða ólivínþóleít-
lögum.

Þunnsneið nr 6906, dýpi 1340 m. Virðist vera mjög myndbreytt og holu-
fyllt móbergubreksía, mikið af kvasi og kalsíti og gleri myndbreytt
yfir í klórít eða smektít. Einnig finnast mjög þéttar nálar af sekúnd-
erum málm, sennilega pyríti.

Þunnsneið nr 6907, dýpi 1364 m. Virðist vera blönduð brotkorn af
móbergubreksíu og ólivínþóleít brotkornum, sennilega mest myndbreytt
ólivínþóleít. Einnig eru nokkur brotkorn sem gætu verið úr dóleríti,
en þau gætu einnig verið úr kjarna ólivínþóleítbasalts. Þá eru nokkur
brotkorn sem hafa lítið af málm, eru fremur fínkristölluð og virðast
á mörkum þóleíts og ólivínþóleíts.

1382-1452 m dýpi. Að mestu leyti misjafnlega myndbreytt ólivínþóleít-
basalt með nokkrum dólerítgöngum.

Þunnsneið nr 6908, dýpi 1398 m. Myndbreytt ólivínþóleít og brotkorn
sem eru á mörkum ólivínþóleíts og þóleíts. Í mörgum brotkornunum er

allur pyroxen horfinn og oft er kalsít komið í staðinn fyrir hann, en algengara er þó að klórít hafi komið í staðinn fyrir pyroxen. Þunnsneið nr 6955, dýpi 1430 m. Blanda af myndbreyttu ólivínþóleíti og breksiúbrotkornum. Talsvert er af holufyllingum.

1452-1490 m dýpi. Myndbreytt dólerít.

Þunnsneið nr 6956, dýpi 1460 m. Mest brotkorn sem eru sennilega frá dóleríti, með ferskan pyroxen og breiða plagióklaslista en nokkur brotkorn, gætu verið frá ólivínþóleít basalti.

1490-1558 m dýpi. Mest myndbreytt dólerítlög inn á milli mjög myndbrettts basalts eða túffkenndra millilaga.

Þunnsneið nr 6957, dýpi 1500 m. Nokkuð margs konar brotkorn. Nokkur brotkorn, sem gætu verið nokkuð örugglega frá dólerítinnskoti og öðru lagi brotkorn, sem gætu verið úr ólivínþóleíti. Mikið er af brotkornum, sem eru mjög myndbreytt yfir í leimínerala og gætu jafnvel verið frá breksíu að minnsta kosti er enginn primerstrúktúr eftir. Af holufyllingum er mjög mikið, einkum af epidóti og kvarsi, lítið er af kalsíti.

Þunnsneið nr 6958, dýpi 1528 m. Að mestu leyti dólerítbrotkorn sem eru fersk, mikið er af pyroxeni og epidóti, sem holufyllingarmínerali. Einnig finnast brotkorn sem eru að mestu leyti úr klóríti og mikið er af brotkornum með stangar eða nállaga málm. Vottur er af kalsíti og zeólítum.

Þunnsneið nr 6959, dýpi 1540. Mest mjög myndbreytt brotkorn erfitt er að sjá upprunalegan textúr, sumt gæti hafa verið ólivínþóleít og sjá má fremur grófkristallað basalt, mest er þó af brotkornum þar sem engan textúr er að sjá og hafa annað hvort verið breksía eða allur upprunalegur strúktúr er horfinn. Nokkur brotkorn finnast með mjög miklum málm, löngum nálum, nokkur brotkorn af fersku þóleítbasalti og talsvert mikið af holufyllingum, bæði epidóti og kvarsi og svolítið af kalsíti.

1558-1597 m dýpi. Skiptast á þóleítbasaltlög misjafnlega myndbreytt og fremur þunnir dólerítgangar.

Þunnsneið nr 6960, dýpi 1596 m. Mest af brotkornum, sem eru sennilega þóleít en þó með nálum af málm, sem gætu verið sekúnterar. Einnig eru nokkur grófkristallaðri brotkorn á mörkum þóleíts og ólivínþóleíts. Allmikil myndbreyting, kvars, kalsít, epidót og leir.

1597-1633 m dýpi. Þóleítbasaltlög efsta lagið er mjög ferskt, gæti verið gangur, en reyndar heldur grófara. Einnig eru nokkur millilög.

1633-1720 m dýpi. Mjög þykkir dólerítgangar, yfirleitt svolítið myndbreyttir, með þunnum þóleítlögum á milli.

Þunnsneið nr 6961, dýpi 1674 m. Blandað fínkristallað þóleít allmjög myndbreytt, mikið er af málm og á stöku stað sést flóðtextúr í plagióklas og svo brotkorn af dóleríti. Myndbreyting nokkur, klórít, kvars og epidót.

Þunnsneið nr 6962, dýpi 1720 m. Brotkorn af grófkristölluðu þóleíti ekki mjög myndbreyttu og fínkristölluðu þóleíti oft mjög myndbreyttu.

1720-1735 m dýpi. Fremur ferskt þóleítbasalt, nokkur ummyndun er samt í því, þetta gæti einnig verið gangur.

1735-1760 m dýpi. Skiptast á dólerítgangar og þóleítbasalt misjafnlega myndbreytt.

Þunnsneið nr 6963, dýpi 1750 m. Mest brotkorn af myndbreyttu, fínkristölluðu þóleítbasalti og nokkur brotkorn sem gætu verið ólivínþóleít og svo örfá dólerít brotkorn.

Þunnsneið nr 6964, dýpi 1752 m. Mikið af brotkornum sem erfitt er að sjá nokkurn textúr í. Þó virðist eitthvað eftir af þrímerum málmtextúr frá þóleítbasalti.

1760-1809 m dýpi. Fremur fersk þóleítbasaltlög með nokkrum millilögum.

Þunnsneið nr 6965, dýpi 1806 m. Mjög myndbreytt basalt, en málmtextúrin gefur til kynna að þetta sé þóleítbasalt. Myndbreytingarmínaralar eru mest klórít, en einnig finnst epidót og kvars.

1809-2000 m dýpi. Að mestu leyti dólerítgangar, og ólivínþóleít basaltlag með stöku þóleítbasaltlagi inn á milli.

Þunnsneið nr 6966, dýpi 1838 m. Mest fínkristallað þóleítbasalt ekki mjög myndbreytt en nokkur brotkorn sem gætu hafa verið ólivínþóleít.

Þunnsneið nr 6967, dýpi 1890 m. Örugglega dólerít, mest af fersku pyroxen sem brotkorn, málmur, plagióklas og epidót.

Þunnsneið nr 6968, dýpi 1942 m. Nokkur þóleít brotkorn, mest af brotkornum sem eru á mörkum ólivínþóleíts og þóleíts misjafnlega myndbreytt.

Þunnsneið nr 6969, dýpi 1984 m. Dólerít fremur ferskt.

Tafla 4.

Punnarneiðar úr MG-37.

Dýpi m	Punnarneiðanúmer
52	6872
96	6873
130	6874
158	6875
176	6876
222	6877
252	6878
296	6879
336	6880
396	6881
424	6882
440	6883
460	6884
486	6885
522	6886
548	6887
550	6888
630	6889
704	6890
726	6891
800	6892
808	6893
842	6894
892	6895
942	6896
958	6897
992	6898
1020	6899
1070	6900
1160	6901
1164	6902
1198	6903
1240	6904
1292	6905
1340	6906

Dýpi m	Punnarneifanúmer
1364	6907
1398	6908
1430	6955
1460	6956
1500	6957
1528	6958
1540	6959
1596	6960
1674	6961
1720	1962
1750	6963
1806	6965
1838	6966
1890	6967
1942	6968
1984	6969

Vatnsæðar og hiti.

Hitamælingar eru sýndar á mynd F 16034. Fremur lítið var um vatnsæðar í þessari holu og flestar litlar, margar undir 12 l/s. Samtals var tapið um 50 l/s en í lok borunar var tapið aðeins um 7 l/s. Í töflu 4 er sýnt yfirlit yfir vatnsæðar í holunni.

Tafla 5

Dýpi m	l/s	Berggerð	Kemur fram á hitamælingu
300	0	Móberg/basalt	Hitatoppur
400	1	Móberg	" og kælipunktur
468	1	Basalt/dólerít	Kælipunktur
510	0	Millilag BH	" "
580	1	" "	" "
648	0	Dólerít/móberg	" og stallur
767	14	Móberg/basalt	Kælipunktur
822	3	Dólerít	Ekkert
875	1	Dólerít/basalt	Mismunamælir
898	1	Millilag BH	Ekkert
913	3	Dólerít	Stallur
961	2	Millilag SV	Ekkert
983	1	" "	"
1109	1	Basalt/dólerít	"
1167	5	Millilag BH	" stallur?
1233	1	Millilag BH	Ekkert
1294	0	Móberg/basalt	Kælipunktur
1355	2	Millilag SV	Stallur?
1437	1	Basalt	Stallur
1475	1	Basalt/dólerít	Mismunamælir
1518	1	Millilag í dóleríti	Ekkert
1532	2	Dólerít	Stallur og mismunamælir
1574	1	Basalt/dólerít	Stallur
1610	0	Millilag BH	Mismunamælir
1741	2	Dólerít/Basalt	Stallur
1855	1	Dólerít	Ekkert
1875	5	Dólerít	Kælipunktur, stallur
1894	3	Dólerít	Ekkert
Samtals	54		

Tap í lok borunar 7 l/s.

BH Millilag borhraði

SV Millilag fundið í svarfi

Basalt/dólerít á mörkum dóleríts og basalts.

Eins og sést á þessu yfirliti eru margar vatnsæðar flestar smáar, en stærstu vatnsæðarnar bæði sem hafa verið fundnar í borun og í hitamælingum eru vatnsæðarnar í 767 m og í 1875 m. Þetta eru langmestu stallarnir og einnig virðist vera allstór vatnsæð í kringum 1600 m samkvæmt hitamælingum.

Hitamælingin frá 29.10.'77, sjá mynd F 16034, sýnir hita sem mun vera nærri berghitanum. Í 250 m dýpi er toppur á vatnskerfinu, en hitinn þar er ekki nema 65°C, í 725 m dýpi er hitinn orðinn 92°C, eftir það hitnar hægt og í 1250 m dýpi er hitinn tæplega 95°C. Síðan fer aftur kólnandi, en ekki er víst að þessi kólnun þýði að um viðsnúinn hitaferil sé að ræða. Þetta gæti verið kólnun á vatnsæðum í 1600 og 1885 m dýpi eftir þrýstiprófunina. Í botni (2000m) er hitinn tæplega 97°C, sem er það hæsta sem mælt hefur á svæðinu á þessu dýpi, sem gæti þýtt að holan væri nærri upprennisli svæðisins á 100°C heita vatninu, sem skapar hitatoppinn á 300-500 m dýpi annars staðar á svæðinu.

Þrýstiprófun.

Dagana 21.-25.03.'77 var holan þrýstiprófuð. Á mynd F 16344 er yfirlit yfir loftdælinguna. Í töflu 6 og mynd F 15708 er yfirlit yfir dælingar í holuna.

Þann 21-03-77 var byrjað á loftdælingu úr MG-37. Vatnsborð í holunni var 47 m og stengumar voru settar í 128 m dýpi. Fyrst voru mæld aðeins dælingarhléin, en ekki dælingartíminn, en frá kl. 7¹⁵ var bæði dælingartími og dælingarhlé mæld, dælingartíminn var rúm mínúta, en dælingarhléin 40-44 s. Kl. 8⁴⁵ var einum standi bætt í, þ.e.a.s. dýpið á stöngunum lengt niður í 146 m dýpi. Við lenginguna á stöngunum urðu vatnsgusurnar miklu kröftugri (mynd F 16344) og vatnið varð gruggugt. Hitinn var 40°C til að byrja með og hækkaði ört fyrst, en var í lok dælingar 65°C (mynd F 16344). Dælingu var hætt um kl. 18⁰⁰.

Kl. 3⁴² þann 22. var pakkað í 830 m dýpi. Vatnsborðið fyrir ofan pakkarann mældist á um 41 m dýpi og var það nokkuð stöðugt í byrjun en eftir kl. 4¹⁴ fór vatnsborðið að hækka mjög ört og sérstaklega eftir kl. 4⁴⁵. Kl. 5²⁵ var holan orðin full en ekki var afpakkað fyrr en 5⁵⁶. Þegar pakkarinn kom upp kom í ljós að ytra gúmmíð á honum hafði smokkast utan af. Þetta gerðist sennilega meðan verið var að setja pakkarann niður og þess vegna hafði pakkarinn sprungið. Þrýstingur var mældur fyrir neðan pakkara og sést á mynd F 16344 að töluverður þrýstingur hefur skapast þar. Pakkarinn hefur sennilega ekki sprungið strax, snögg þrýstilækkun í lok dælingar og hækkun aftur, gæti bent til þess að þá hafi pakkarinn farið og vatn komist fram hjá honum, en síðan hafi gúmmíð fyrir ofan að einhverju leyti lokað stutta stund. Pakkað var aftur sama dag kl. 11¹⁵ í 848 m dýpi. Vatnsborðið fyrir þökkun var í 48 m dýpi, en eftir að pakkarinn varð fastur var það í 45 m dýpi, virðist vera herra vatnsborð fyrir ofan pakkarann en neðan. Ekki varð vart við neina teljandi vatnsborðshækkun við þessa dælingu. Þrýstifallið mældist fyrst og fremst með þrýstimáli undir pakkaranum aðeins óveruleg þrýstilækkun mældist á borpalli. Þrýstilækkunin var meiri en kemur fram í kg/cm^2 því að um leið og þrýstilækkunin varð, var aukið við dælinguna og lækkaði þá þrýstingurinn jafnóðum. Þannig var dælt í fyrstu með um 57 l/s, en smám saman aukið í 61 l/s. Fyrst var þrýstilækkun, sem mældist niðri nærri 3 kg/cm^2 og síðan urðu minniháttar þrýsilækkunarir og samanlögð lækkun tæplega 6 kg/cm^2 . Við höfðum ekki nema 12 tíma klukku, var því þrýstingurinn ekki mældur allan tímann undir pakkaranum, en eftir því sem mældist ofan á var um 1 kg/cm^2 þrýstilækkun eftir um 12 tíma dælingu. Dælt var til kl. 3⁰⁰ þann 20-03 og var bakþrýstingur enginn við þessa dælingu, síðan var hlé til kl. 13⁴⁵ 20-03. Hléið var nokkuð lengra en ætlað var vegna þess að mikil rigning hafði verið og áin var gruggug og því ekki hægt að byrja að dæla á þeim tíma sem ætlað var. Ekki var hægt að dæla alveg samfelld vegna vantsleysis en dælingar voru frá 11 mín og upp í nærri klukkutíma. Hár þrýstingur var í þessum dælingum, dælingarmagnið var frá 82-85 l/s og fór þrýstingur upp í 32 kg/cm^2 , en bakþrýstingur var einnig hár, 22 kg/cm^2 . Var dælt með smáhléum til kl. 22⁵⁵ þá var látið renna upp úr holunni út á þissur. Á mynd F 16328 er sýnt hvernig hitinn breytist með tíma. Hitinn var í fyrstu

lágur og svipaður og á vatni sem dælt var niður en hitnaði smám saman upp í 24°C. Mikið rennsli var til að byrja með, síðan minnkaði það ört fyrsta hálf tímann, en smá minnkaði eftir það og þegar lokað var fyrir kl. 159 21.03. var rennslið mjög lítið. Byrjað var aftur að dæla kl. 208. Dælingartíminn var svipaður og áður, en eftir kl. 300 fékkst meira vatn og fór dælingartíminn upp í 3 klst. Dælt var til kl. 900 og þá mældist bakprýstingurinn 28 kg/cm² og féll hægt, síðan var vatninu hleypt upp og afpakkað. Pakkað var aftur í 1250 m kl. 18²⁵ þann 24.03. Dælt var niður fyrir pakkarann 43 l/s og mældist mesti prýstingur uppi á borpalli 88 kg/cm² og undir pakkara 39 kg/cm². Dælt var samfelld til kl 400 25.03, nema einu sinni var dæling stöðvuð til að taka bakprýsting og féll bakprýstingur á 4 1/2 mínútu. Smávegis prýstifall var í þessu bili samtals rúmlega 2 kg/cm². Byrjað var að dæla ofan á pakkarann kl. 753. Var prýstingur minni í þessu bili en í bilinu fyrir ofan pakkarann eða hæst 23 kg/cm² í stað 32 kg/cm² í efra bilinu hvorutveggja með svipaðri dælingu 84-86 l/s, bakprýstingur var einnig lægri í neðra bilinu 14 kg/cm² eftir tvær mínútur 22-28 kg/cm² í efra bilinu. Það sést á þessu að talaverðar vatnsæðar eru á 1778-1848 m dýpi. Hins vegar hafa vatnsæðarnar í 1875 m og 1894 m mesta leiðni því bakprýstingurinn er alltaf fljótur að falla í neðsta bilinu.

830
830
Tafla 6 Hóla nr. MG-37 Þrýstiprófun dagana 22-25 mars 1977 Þakkari í dýpi m.848
1250

Dælt í bil m-n	Dæling nr.	Dæling frá kl - kl	Dæling tími	Dælt l/s	Mældur þrýst. kg/cm ²	Útreikn. þrýst. kg/cm ²	Bakþrýst. eftir 2 mín kg/cm ²	Magn í tonnum
830-2000	1	3 ⁵⁰ - 5 ²⁵	1 ³⁵	56	63-79	18-22		318
848-2000	2	11 ²⁰ - 11 ³⁰	0 ¹⁰	57	84	18-24		34
"	2	11 ³⁰ - 11 ⁵⁵	0 ²⁵	60	88-83	20-23-17		89
"	2	11 ⁵⁵ - 14 ¹⁰	2 ¹⁵	61	86-88	17-21		490
"	2	14 ¹⁰ - 14 ²⁸	0 ¹⁸	23	12	12-2		16
"	2	14 ²⁸ - 15 ⁰³	0 ³⁵	60	85-86	6-19-5	0	123
"	3	15 ⁰⁴ - 3 ⁰⁵	12 ⁰¹	58	79-85-84	15-21	0	2490
Samtals			15 ⁴⁵					3242
254-848	4	13 ⁴⁵ - 13 ⁵⁶	0 ¹¹	82	23			54
"	4	13 ⁵⁶ - 14 ¹⁰	0 ¹⁴	36	15			30
"	4	14 ¹⁰ - 14 ³⁵	0 ²⁵	85	26-28		22	127
"	5	14 ⁴⁵ - 15 ⁰⁷	0 ²²	84	28-29			111
"	6	15 ¹² - 16 ²⁰	1 ⁰⁸	85	28-31			346
"	7	16 ²⁵ - 16 ⁵⁰	0 ²⁵	86	28-31			130
"	7	16 ⁵⁰ - 17 ⁰⁰	0 ¹⁰	79	30			48
"	8	17 ⁰⁵ - 18 ⁰⁵	1 ⁰⁰	81	28-31			292
"	8	18 ⁰⁵ - 18 ¹⁵	0 ¹⁰	84	31			50
"	9	18 ²⁰ - 18 ⁴⁵	0 ²⁵	85	30-32			128
"	10	18 ⁵⁰ - 19 ²⁰	0 ³⁰	85	29-32			153
"	11	19 ²⁵ - 19 ⁵⁰	0 ²⁵	85	29-32			128
"	12	20 ⁰⁰ - 20 ²⁰	0 ²⁰	85	29-32			103
"	13	20 ³⁰ - 20 ⁵⁰	0 ²⁰	85	31-32			103
"	14	21 ⁰⁰ - 21 ²⁰	0 ²⁰	85	29-32			103
"	15	21 ²⁵ - 21 ⁵⁰	0 ²⁵	82	30-32			125

Tafla 6 Hóla nr. MG-37 Þrýstiprófun dagana 22-25 mars 1977 Þakkari í dýpi m. 830 848 1250

Dælt í bil m-n	Dæling nr.	Dæling frá kl - kl	Dæling tími	Dælt l/s	Mældur þrýst. kg/cm ²	Útreikn. þrýst. kg/cm ²	Bakþrýst. eftir 2 mín kg/cm ²	Magn í tonnum
254-848	16	21 ⁵⁵ - 22 ²⁵	0 ³⁰	84	30-32			150
"	17	22 ³⁰ - 22 ⁵⁵	0 ²⁵	85	30-32			126
"	18	02 ⁰⁸ - 02 ²⁴	0 ¹⁶	71	20			68
"	18	02 ²⁴ - 02 ³⁰	0 ⁰⁶	77	25			29
"	19	02 ⁴⁰ - 03 ⁰²	0 ²²	87	27-28			116
"	20	03 ⁰⁸ - 06 ³⁰	3 ²²	84	28-32			1015
"	20	06 ³⁰ - 09 ⁰⁰	2 ³⁰	81	32		28	748
Samtals			14 ²¹					4283
1250-2000	21	18 ⁵⁸ - 21 ³⁰	2 ³²	43	79-85	25-36-35-37-5	10	395
"	22	21 ³⁵ - 04 ⁰⁰	6 ²⁵	43	85-88	21-39-38-39	16	1002
Samtals			8 ⁵⁷					1397
254-1250	23	07 ⁵³ - 08 ⁰⁶	0 ¹³	79	14			62
"	23	08 ⁰⁶ - 08 ⁴⁵	0 ³⁹	83	19-21			193
"	23	08 ⁴⁵ - 10 ³⁰	1 ⁴⁵	85	21-23			535
"	23	10 ³⁰ - 13 ⁰⁰	2 ³⁰	86	23		14	1289
"	24	13 ³⁰ - 14 ¹⁵	0 ⁴⁵	86	20-23			234
"	24	14 ¹⁵ - 15 ¹⁵	1 ⁰⁰	84	23			301
"	25	15 ²⁵ - 16 ⁰⁰	0 ³⁵	83	22-23			175
Samtals			7 ²⁷					2789
Samtals í hóluna			46 ³⁰					11711



ORKUSTOFNUN

JARÐLAGASNIÐ

MG - 37

770428 JT./AA T 560
Blað T. of 3 Mofrelsv.

F 15 560



Alag og krónugerð

7-18 tonn
445mm RR

Fóðring
340mm

R

13-15 tonn
311mm
J-33



16-17 tonn
X-44

ORKUSTOFNUN

JARÐLAGASNIÐ

MG — 37

770429 JT/AA T 560
Blað 2 af 3 Mosfellsv. F 15560





Borhræði m / klst. 60 50 40 30 20 10 0

Jarðlög

Álag og krónugerð 60 50 40 30 20 10 0


Dýpi m

Jarðlög





- SKÝRINGAR
- Ummyndað basalt
 - Ferskt basalt
 - Mbbergbreksia
 - Innskot, dólérít
 - Vantar svarf
 - G Grænleitt
 - R Rauðleitt

ORKUSTOFNUN
 JARÐLAGASNIÐ
 MG - 37
 17.04.29 - JT/AA T. 560
 Blað 3 af 3 Mestlisa F 15560



Hitameðlingar í borholum





Stangir 128 m

Stangir 146 m

Samfelld dæling


Mis Dælt í 60-76 sek. með 39-56 sek. hlóum

77.03.21

ORKUSTOFNUN

Dælt með lofti úr borholu
MG-37

7711.24J/AA	T 587	Wofellshv.	F 16344
-------------	-------	------------	---------



'77.03.24

'77.03.23

'77.03.22-23

'77.03.22

ORKUSTOFNUN

brýstingur og dælingarfraköst
MG- 37


'7706.14 JT/ AA I 562
Mofellshv. F 15708

kg/cm²

Dælt i bil m:
1250-2000

l/s

254-1250



18 19 20 21 22 23 24 01 02 03 04 05

07 08 09 10 11 12 13 14 15 16

'77.03.24-25

'77.03.25

ORKUSTOFNUN


prýstingur og dælingarafköst

MG-37

'77/12 29 JT/AA T 552

Notafélag

F 15708



25 mars 1977

23-24 mars 1977

ORKUSTOFNUN			
Bakrennslí úr bili 254 - 848 m			
MG - 37			
77.11.23. JT/AA	I 584	Mosfellir	F 16328

HOLA MG-38.

Borun.

Borun hófst 8. jan. 1977, holan var fóðruð með 340 mm víðu fóður-róri niður í 253 m dýpi dagana 14-16.01. Síðan var borað með 311 mm krónu niður í 1499 m dýpi, síðan var borað með 216 mm krónu niður í botn í 1765 m. Borun lauk 29.04., en dagana 30.04.-04.05 var holan þrýstíprófuð.

Jarðlög.

0-36 m dýpi. Vantar svarf. Höggborshola.

36-64 m dýpi. Glerrík og myndbreytt móbergsbreksía, gegnumstungin af einu þóleítbasaltlagi.

Punnsneið nr 7089, dýpi 58 m. Holufyllt, glerrík móbergsbreksía, glerið er farið yfir í smektít, örlítið af zeólítum finnst, einnig er kalsít sem holufyllingar.

64-82 m dýpi. Efst fremur gróft þóleítbasalt og síðan tekur við ólerít.

82-91 m dýpi. Rautt setlag.

Punnsneið nr 7090, dýpi 84 m. Mjög líklega úr setlagi, mikið af rauðleitum massa sem er setlegur og mikið af fínkristölluðu, oxuðu basalti, kalsíti og nokkur brotkorn af basalti, sem eru sitt úr hverri áttinni.

91-294 m dýpi. Fremur fersk þóleítbasaltlög og myndbreytt ólivínþóleítbasaltlög með nokkrum millilögum, oft túffkenndum.

Punnsneið nr 7021, dýpi 120 m. Mest fremur grófkristallað mjög myndbreytt basalt, virðist vera á mörkum ólivínþóleíts og þóleíts. Grunnmassinn er að mestu leyti horfinn yfir í leir. Aðeins plagíóklasinn er eftir. Nokkur brotkorn eru af fremur ferksu þóleítbasalti. Allmikið af kalsíti.

Punnsneið nr 7092, dýpi 194 m. Úr túffkenndu millilagi, margvísleg brotkorn, sum leirkennd. Einnig eru brotkorn sem gætu verið úr ólivínþóleíti og mikið er af kalsíti.

Punnsneið nr 7093, dýpi 210 m. Mismunandi grófkristallað og myndbreytt þóleítbasalt. Grófkristallaðasti og myndbreyttasti hluti basaltsins gæti verið ólivínþóleítbasalt.

Punnarneið nr 7094, ðýpi 256 m. Mestmegnis grófkristallað mjög myndbreytt basalt, gæti verið ólivínþóleít, nokkur brotkorn úr fersku þóleítbasalti, talsvert er af túffkenndum brotkornum og kalsíti. Í stað pyroxens er kominn að hluta fjaðraður leir.

294-409 m ðýpi. Glerrík og myndbreytt móbergubreksía gegnumstungin af einu þunnu þóleítbasalti líklega gangi.

Punnarneið nr 7095, ðýpi 310 m. Glerrík og myndbreytt móbergubreksía, mjög holufyllt, mest kalsít holufyllingar, glerið er myndbreytt yfir í leir.

409-449 m ðýpi. Efst fremur grófkristallað basalt, sennilega þóleítbasalt frá 440 m ðýpi, fínkristallað þóleít. Allt er þetta fremur ferskt.

Punnarneið nr 7096, ðýpi 430 m. Fremur grófkristallað basalt með litlum málm, ófitiskur textúr og ekki mjög myndbreytt, sennilega er þetta ólivínþóleít, en þó á mörkum ólivínþóleíts og þóleíts, fremur lítið er af holufyllingum.

449-475 m ðýpi. Glerrík og myndbreytt móbergubreksía.

475-498 m ðýpi. Ferskt þóleítbasalt.

498-515 m ðýpi. Sennilega myndbreytt ólivínþóleít, neðst er ef til vill ðólerít.

Punnarneið nr 7097, ðýpi 506 m. Brotkorn af myndbreyttu ólivínþóleíti og fersku þóleítbasalti úr basaltlaginu fyrir ofan, talsvert af holufyllingum, kvars.

515-538 m ðýpi. Myndbreytt, blöðrótt þóleítbasalt.

538-577 m ðýpi. Að mestu leyti myndbreytt ólivínþóleít basalt, talsvert er af oxun í basaltinu.

Punnarneið nr 7098, ðýpi 550 m. Myndbreytt ólivínþóleít basalt, talsvert af sporum eftir ólivín oft með rauða kanta. Pyroxen er að nokkru leyti myndbreytt, ýmist í klórít eða kalsít, en þó er talsvert eftir af pyroxeninu. Myndbreytingarmínaralar eru kalsít, laumontít og epidót.

Stærstu plagióklaslistarnir hafa orðið fyrir myndbreytingu, tvíburamyndun eyðilögð og stundum er kalsít komið í staðinn fyrir plagióklasinn.

577-720 m dýpi. Að mestu leyti fremur fersk, fínkristölluð þóleítbasaltlög með einhverju af millilögum og stöku dólerítlagi. Í kringum 700 m er eitt fremur grófkristallað, kannski ólivínþóleít eða þóleítlag.

Þunnsneið nr 7099, dýpi 684 m. Myndbreytt þóleítbasalt með nokkuð af holufyllingum einkum kalsíti og zeólítum.

720-745 m dýpi. Fremur ferskt, grófkristallað þóleít virðist vera grófkristallaðra eftir því sem neðar kemur, jafnvel dólerít, sennilega gangur.

Þunnsneið nr 7100, dýpi 742 m. Mest fremur grófkristölluð misjafnlega myndbreytt basaltbrotkorn með ófítiskan textúr. Til eru brotkorn, sem eru mjög myndbreytt, svo sennilega er þetta misjafnlega grófur gangur, gæti verið dólerít. Víða er kalsít komið í staðinn fyrir plagióklas.

Þunnsneið nr 7101, dýpi 744 m. Blanda af tvenns konar brotkornum, breksíu, túffkenndri breksíu, og mjög myndbreyttu ólivínþóleítbasalti, þar sem mikill hluti pyroxens er farinn yfir í kalsít. Töluvert er einnig af kalsít holufyllingum,

745-806 m dýpi. Móbergsbreksía gegnumstungin af nokkrum þóleítbasaltlögum, sumum ferskum, sennilega eru þetta gangar.

Þunnsneið nr 7102, dýpi 800 m. Blönduð brotkorn, brotkorn frá breksíu allt gler farið yfir í leir og nokkur brotkorn, sem eru nokkuð örugglega frá fersku dóleríti. Ferskt ólivín og nokkur brotkorn sem gætu verið ólivínþóleít, mjög myndbreytt, og svo kalsít sem brotkorn.

806-878 m dýpi. Að mestu leyti glerrík móbergsbreksía, efst er myndbreytt basalt, gæti jafnvel verið ólivínþóleít.

Þunnsneið nr 7104, dýpi 864 m. Myndbreytt og glerrík móbergsbreksía með kalsít holufyllingum, nokkuð af zeólítum og jafnvel kvarsi. Stöku brotkorn af ólivínþóleíti þar sem kalsít er komið í stað pyroxens.

878-923 m dýpi. Að mestu leyti fremur fersk, fínkristölluð þóleítbasaltlög og á stöku stað eru örþunn lög af grófkristölluðu basalti mikið myndbreyttu, sem gætu verið ólivínþóleítlög.

